

Þegar ég fæddist var ég ekki velkomin í þennan heim. Ætlunin var að mamma færi í fóstureyðingu, en hún þorði því ekki, var hrædd um að verða með sektarkennd allt sitt líf. Ég grét mikið þegar ég var smábarn og mamma varð þunglynd. Hún sinnti mér samt þokkalega. Þegar ég eignaðist bróður, þá 2ja ára minnkaði þolinmæði mömmu og ég varð „bíddu“ barn og mátti þola rasskellingar og ýmislegt í þá áttina bæði andlega og líkamlega. Þegar ég stækkaði var ég sendi í pössun hingað og þangað því að það þurfti að hvíla hitt heimilisfólkið á mér. Þá bættist við grimmt kynferðisofbeldi, einelti í skóla og ég lærði að líka við viðbjóðslegri framkomu í minn garð. Það kom að þeim tímapunkti að ég gat ekki meir. Ég reyndi nokkrum sinnum að enda líf mitt, greinilega ekki góð í því frekar en öðru. Þegar ég var ennþá unglingur ákvað ég að eignast barn. Þráði að einhver myndi elska mig og þyrfti á mér að halda. En ég klúðraði því og sinnti barninu ekki fyrr en það var 2ja eða 3ja ára. Ég eignaðist fljótlega fleiri börn og sótti í menn sem beittu mig ofbeldi og harðræði á allan hugsanlega og óhugsanlegan hátt.

Rúmlega tvítug ákvað ég að búa ein og einbeita mér að börnunum. Ég lokaði mig af, treysti á að Féló héldi mér uppi, gerði bara það sem var nauðsynlegt og orka mín fór í að halda lífi. Ári seinna var ég send í endurhæfingu. Átti erfitt með að passa þar inn, en eignaðist þar góða vinkonu. Eftir tæp 3 ár á þeim stað var ég enn mjög skemmd og brotin. Ég missti áhugann á að mæta og lokaði meira og meira á heiminn. Ég kíkti samt af og til í kaffi og í eitt skipti var þar kona sem ég kannaðist við. Hún hvatti mig að kíkja í Hlutverkasetur. Ég tók áskoruninni og mætti þó að mér litist ekkert á fólkið eða starfssemina í byrjun. Í stuttu máli hefur líf mitt eftir að ég fór að fara í Hlutverkasetur breyst helling. Í byrjun átti ég rétt fyrir mat og veit ekki hvernig við komumst af, því ég eyddi öllu strax í bull. Eftir að hafa mætt í þrjá mánuði lét ég skammta mér pening og fékk hjálp að borga niður skuldir. Í dag á ég nóg af peningum og er ekki með neitt í vanskilum. Ég hef líka öðlast meira sjálfstraust og löngun til að lifa. Þátttakan hefur gefið mér tækifæri til að hlakka til einhvers, hefur kennt mér að treysta og gefið mér svigrúm til að eflast í að vera ÉG sem ég hef ekki prufað áður.

Ég hef eignast vini á svipuðum aldri. Vini sem ætlast ekki til þess að ég geri eitthvað í staðinn fyrir þá eins og að gefa þeim pening, sofa hjá þeim eða eitthvað álíka skrítið. Það var alveg nýtt fyrir mér. Ég fæ að taka þátt á mínum hraða og mér er treyst fyrir hlutum sem ég hef

ekki einu sinni látið mig dreyma um að gera. Ég fæ að vera með í verkefnum sem ég hélt að væri starfsfólkinu heilagt. Mér hefur verið treyst að semja texta, lesa yfir texta og skipuleggja dagskrá og margt fleira. Það er tekið mark á mér. Ég held að ég sé að farin fatta út á hvað þessi valdefling gengur og að vinna á jafningagrunni. Mér þótti það mjög óþægilegt fyrst þegar ég var skömmuð. Ég hef náð að fatta að það er hluti af því að reyna á mig, að standa sjálfri mér og halda andliti í óþægilegum aðstæðum. Fyrir nokkrum árum hefði ég brotnað ef einhver hefði gagnrýnt mig, farið að gráta og aldrei komið aftur. Ég er að styrkjast mikið bara með því að mæta, fá að vera með og takast á við að vera manneskja. Að ég hafi tekið áskoruninni á sínum tíma að mæta í Hlutverkasetur hefur breytt viðhorfum mínum til míns sjálfs, til lífsins og til annarra. Mesti árangurinn er þó sú upplifun að ég sé börnum mínum góð móðir.

Það er gott að til sé staður þar sem þú þarft að vera einstakur til að passa inn í.